

Nd.

411. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um sáttatilaunir í vinnudeilum, nr.55, 27. júní 1925.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Við 3. gr. Á eftir málsgr. komi ný málsgrein:

Skipunarnefnd sáttasemjara gerir tillögur til atvinnumálaráðherra um uppsagnarfrest á vinnusamningum vinnusala og vinnuþega, þar er þess þarf, svo og ef breyta skal viðurkendum kauptaxta. Fresti þeim, er ráðherra ékveður, skulu aðilar hlíta.

2. gr.

Við 6. gr. Á eftir 1. másl. komi: en hann ákveður hvar, hvernig og hvenær sú atkvæðagreiðsla fer fram.

3. gr.

Á eftir 6. gr. komi 2 nýjar greinar:

7. gr. Nú er endanleg tillaga sáttasemjara feld, enda telur hann sáttatilaunum lokið, og gerir hann þá tillögu um, að aðiljar nefni menn til gerðar á sama hátt og í 3. gr. segir. Fallist þeir á tillögunu, skulu nefndir 2 menn til gerðar af hvors hálfu, en gerðarmenn nefna oddamann. Verði þeir eigi ásáttir um nefning oddamanns, skal sáttamaður nefna hann. Gerðardómurinn hefir rannsóknarvald samkv. 5. gr. Gerð, er þessir segja upp, er aðiljum skylt að hlíta.

8. gr. Sáttatilaunum og gerð skal hraða, að því kostur er á. Nú ríður vinnustöðvun að, og skal þá sáttasemjari, ef henta þykir, hafa vald til að fresta henni um 2 vikur. Fallist aðilar á tillögu um að leggja vinnudeilu í gerð, má sáttasemjari á sama hátt fresta vinnustöðvun, þó eigi lengur en 7 daga.

(8. og 9. gr. verði 10. og 11. gr.).

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Greinargerð.

Frumvarp þetta ber að skoða sem sáttatilaun milli þeirra, sem hjer eiga hlut að. Nánar í framsögu.

Gunnar Sigurðsson,
form.

Magnús Torfason,
frsm.